

Alþingi
Erindi nr. P 126/1624
komudagur 22.3.2001

Viðskiptaráðuneytið
22. mars 2001.

**Upplýsingar til efnahags- og viðskiptanefnd vegna umræðu um
frumvarp um sölu banka í eigu ríkis.**

A.

Tafla um áhrif starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja (ekki einungis fjármálafyrirtækja) á Norðurlöndum.

Tekið upp úr norrænni skýrslu: Medbestemmelse og faglig innflytelse i overnasjonale nordiske finanskonsern.

B.

Glærur frá Landsbankanum um þróun vaxtamunar og kostnaðarhlutfalla á Norðurlöndum og samanburður við íslenska banka.

C.

Tafla frá Seðlabankanum um nýlega samruna og yfirtökur í Evrópu.

D.

Kafla um samþjöppun á evrópskum bankamarkaði.

Tekið upp úr skýrslu Sambands íslenskra viðskiptabanka, Samkeppni og samþjöppun.

E.

Kafla um fjárhagslega stöðu fjármálafyrirtækja.

Samsetning rekstrartekna, arðsemi, vaxtamunur og kostnaðarhlutföll.

Tekið upp úr Samkeppni og samþjöppun.

F.

Tafla um eignartengsl fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Tekið upp úr Samkeppni og samþjöppun.

G.

Tafla um flokkun útlána og markaðshlutdeild banka.

Tekið upp úr Samkeppni og samþjöppun.

A

Tabell 2.1 Ansattes representasjonsrett i styrende organer


	Danmark	Finland	Norge	Sverige
Reguleringstype	Generell lov	Generell lov	Særlover for finansforetak	Generell lov
Størrelsesgrense for representasjon	35 ansatte	150 ansatte	30 ansatte	25 ansatte
Representasjonsandel	1/3 (min 2)	1 - 4 repr	1 repr	2 - 3 repr
Koblet til tariffavtale	Nei	Nei	Nei	Ja
Pliktig regional representasjon	Nei	Nei	Nei	Ja
Konsernrepresentasjon	I morselskap	Nei	Behovsprøvd	I morselskap

Tabell 2.2 Tillitsvalgtes arbeids- og representasjonsrett

	Danmark		Finland	Norge			Sverige	
	Bank	FF/Ass	Bank	Bank	FF	Ass	Bank	FF/Ass
Representasjonsrett	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja
Regulerings- type	Tariff- avtale	Tariff- avtale	Tariffavtale	Hoved- avtale	Tariff- avtale	Hoved- avtale	Low/ avtale	Lov
Retnings- givende skala for antal!	1 ved 6 ansatte (1/25)*	?	1 ved 30 ansatte (hoved- tillitsvalgt)	3-5 i Tillits- utvalget	Ingen	3-5 i Tillits- utvalget	Ingen	Ingen
Spesifiserer arbeidsplass- tillitsvalgte	Ja	Ja	Ja	Delvis	Nei	Nei	Ja	Ja
Pålegger arbeidsgiver lønnskompens- asjon	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja
Særlig oppsigelses- vern	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja	Ja
Spesifiserer tillitsvalgtes arbeidsvilkår	Sentral avtale	Sentral avtale	Sentrale retningslinjer	Lokal avtale	Lokal avtale	Lokal avtale	Lokal avtale	Lokal avtale

* i sparebankene

Þróun vaxtamunar á Norðurlöndum




2


Samanburður viðskiptastærða

- Samsetning tekna viðskiptabanka er mjög svipuð hér á landi og í Danmörku og Noregi. Þróunin þar er reyndar í sömu átt og hjá Svíum, þar sem hlutur vaxtamunar er lægstur, rúm 50% á móti rúmum 60% hér á landi. Hlutfall þóknatekna er einnig nokkuð héraendis. Á Norðurlöndunum eru tekjur banka af verðbréfi viðskiptum um hærri, gengismunur og tekjur af verðbréfaeign hafa hins vegar aukist jafnt og þétt síðustu ár hjá íslensku bönkunum, með aukinni þátttöku þeirra á verðbréfamarkaði.
- Kostnaðarhlutfall viðskiptabanka er ennþá hæst á Íslandi, og nokkuð hærra en í nágrannaríkjunum, þar standa Finnar og Svíar best að vígi með kostnaðarhlutfall nærri 55%.
- Kostnaðarhlutfall Landsbankans var hæst af viðskiptabönkunum í fyrra eða 75%. M.v. rekstrarmarkmið bankans sem sett voru fram á síðasta aðalfundi er stefnt að því að ná hlutfallinum niður í 70% á þessu ári.
- Framlög í afskriftareikninga útlána eru mun hærri hér á landi en á Norðurlöndunum, að nokkru leyti er það afleiðing síðustu niðursveiflu sem var þung fyrir íslensku bankana og vegna mikils vaxtar í þjóðfélaginu. Það er þó ljóst að þetta hlutfall þarf að lækka til að íslenskir bankar verði samkeppnishæfir í stærri lánveitingum í framtíðinni.


Samsetning tekna



Meðalkostnaðarhlutfall banka á Norðurlöndum



Framlög á afskriftarreikninga útlána





Tafla 1 Nýlegur samruni og yfirtaka meðal stærstu banksamsteypa í Evrópu

Land	Banksamsteypa
Spánn	BSCH (Banco Santander + Banco Central Hispano + Banesto) BBVA (Banco Bilbao Vizcaya + Argentaria)
Austurríki	Bank Austria (Bank Austria + Creditanstalt) Erste Bank (Giro Credit + Erste SparCasse)
Ítalía	SanPaolo IMI (Istituto Bancario SanPaolo di Torino + IMI) Banca Intesa (Banco Ambrosiano Veneto + Cariplo + CPP) + BCI Unicredito Italiano (Credito Italiano + Unicredito)
Dýskaland	HypoVereinsbank (Bayerische Vereinsbank + HypoBank) Deutsche Bank + Bankers Trust
Frakkland	BNP-Paribas (BNP + Paribas) Banques Populaires + Natexis Crédit Mutuel + CIC Caisse d'Épargne + Crédit Foncier Société Générale + Crédit du Nord Crédit Agricole + Banque Sofinco + Banque Indosuez
Portúgal	Banco Comercial Portugues + Banco Portugues do Atlantico Caixa Geral de Depositos + Banco Pinto & Sotto Mayor
Belgía	KBC (Kredietbank + Cera) Bacob + Artesia Bank
Holland	ABN-Amro (ABN + Amro)
Danmörk	Unibank (Unibank + Tryg-Baltica)
Milli landa	Dexia (Crédit Local de France og Crédit Communal de Belgique) Fortis (Générale de Bank og ASLK-CGER Bank) Merita-Nordbanken-Unidanmark ING + Banque Brussels Lambert HSBC + CCF BSCH + Totta & Acores Bank Austria + Hypovereinsbank
Bandalög/Minnihluta eign	BSCH-Royal Bank of Scotland-SanPaoloIMI-SG-Commerzbank- Champalimaud Crédit Agricole-Crédit Lyonnais-Banca Intesa BBVA-Banco di Napoli-BNL-Credit Lyonnais ABN-Amro – Banca di Roma

Heimild: Euro-Area Banking at the Crossroads,; IMF, A: Belaisch, L. Kodres and A. Ubide; Oct. 2000

Ýmsar fyrirtækjaskýrslur og fréttatilkynningar fyrirtækja.

Byggt á skýrslum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.



Kafli 4: Samþjöppun á evrópskum bankamarkaði

4.1 Inngangur

Bankakerfið í Evrópu hefur verið að breytast hratt á undanförunum árum. Bönkum er að fækka og þeir eru að stækka. Samrunar eiga sér stað innan lands, yfir landamæri og milli einstakra þjónustumarkaða. Bankar hafa sameinast til að mæta aukinni samkeppni, lækka kostnað, efla dreifinet og aðlagast breyttum aðstæðum. Þessi þróun er þó mislangt komin í Evrópuríkjunum.

Helstu áhrifaþættir á þessa þróun eru:

- Sameiginlegur innri markaður Evrópu, sameiginlegur gjaldmiðill og aukið frjálstræði á fjármálamarkaðnum stækkar viðskiptasvæði banka og kallar á stærri banka.
- Aukin vörubrúun og markaðssetning kallar á stærðarhagkvæmni.
- Fyrirtæki eru að stækka og þurfa banka með meiri útlánagetu.
- Viðskiptavinir gera auknar kröfur um fjölbreytta fjármálastarfsemi.
- Hefðbundin bankastarfsemi er að breytast og skil á milli bankastarfsemi, sjóðastjórnunar og trygginga er að minnka og landamæri í fjármálaþjónustu eru að hverfa.
- Upptaka á nýrri tækni, svo sem internetinu, farsímum og rafrænum viðskiptum. Kostnaðurinn við innleiðingu á þessari nýju tækni er mikill og það þarf stærri einingar til að standa undir kostnaðinum.

Samþjöppun á evrópskum bankamarkaði hefur oft verið mæld út frá eignum, innlánnum og útlánnum fimm stærstu bankanna af heildareignum, heildarinnlánnum og heildarútlánnum bankakerfisins. Samþjöppun samkvæmt framangreindum mælikvarða mælist meiri í minni hagkerfum Evrópu en í þeim stærri. Ef samþjöppun er mikil á bankamarkaði þarf að skoða hvort aðrir fjármálamilliliðir hafa sterka markaðsstöðu. Þessir milliliðir eru mikilvægari í litlum hagkerfum en stórum. Einnig er rétt að skoða markaðshlutdeild erlendra banka í viðkomandi landi.


Rannsóknir á sambandi samkeppni og samþjöppunar eru ekki algildar. Sumar rannsóknir sýna fram á að því meiri sem samþjöppun er þeim mun minni er samkeppni. Með því að taka tillit til aukinnar samkeppni erlendis frá sem og samkeppni frá öðrum fjármálafyrirtækjum jafnast skaðleg áhrif samþjöppunar bankanna á samkeppni. Aðrar rannsóknir sýna ekki beint samband milli samkeppni og breytinga á samþjöppun.⁵³

Á svæðum þar sem mikil samþjöppun hefur orðið á bankamarkaði er arðsemi banka mest. Ef horft er til rekstrarafkomu evrópskra banka árið 1998 virðist skýrt samhengi á milli samþjöppunar og arðsemi. Jákvætt samband virðist vera á milli stærðar banka og lánshæfismats þeirra. Jafnframt leiðir betra lánshæfismat til auðveldari aðgangs að lánsfé. Samkeppni mun aukast vegna nýrra dreifileiða og innkomu nýrra aðila á sérhæfða hluta bankamarkaðarins. Þessi þróun mun þrýsta niður álagningu bankanna og setur þar með þrýsting á kostnað þeirra eininga sem veita þjónustuna. Áframhaldandi hagræðing, m.a. í formi samþjöppunar, er talin nauðsynleg vilji bankarnir lifa af harðnandi alþjóðlega samkeppni. Ein forsenda þess að ná fram verulegu hagræði er aukin einkavæðing ríkisfyrirtækja og sjálfseignarstofnana á fjármálamarkaði.

⁵³ Vesela, *Testing for competition in banking: behavioural evidence from Finland*, Studies E:1, Bank of Finland, 1995.

4.2 Sameiningar í Evrópu

Mynd 1: Sameiningar og yfirtökur banka í Evrópu árin 1991–1998 – færri og stærri.



Heimild: *Bankar, afkoma, verðlagning og framtíðarmöguleikar*, Landsbanki Íslands, 10. mars 2000.

Fjármálafyrirtækjum í Evrópusambandinu hefur fækkað úr 12.400 árið 1990 í 8.800 árið 1998 og meðalstærð samruna tífaltast.⁵⁴ Bönkum er að fækka og einingarnar á markaðnum að stækka vegna vaxandi samkeppni. „Breytingar á fjármálamarkaði hafa kallað á lækkun kostnaðar, stækkun eininga og breytinga á vöruframboði. Bankar hafa verið að stækka með sameiningum innan markaða og milli markaða. Sameining banka hefur fyrst og fremst leitt af sér lækkun rekstrarkostnaðar auk hagræðingar í dreifikerfi og vöruþróun.“⁵⁵


Ríki Evrópusambandsins hafa verið leiðandi í sameiningu banka og tryggingafyrirtækja í heiminum. Þá hafa smærri bankar einbeitt sér að sérgreindum mörkuðum í stað þess að hafa fullt vöruframboð fyrir allan markaðinn.

⁵⁴ *Practical Issues Arising from the Euro*, Bank of England, 1999.

⁵⁵ *Íslenska bankakerfið í breyttu umhverfi*, Landsbanki Íslands 1998.

4.3 Hlutdeild stóru bankanna í einstökum löndum

Mynd 2: Eignir, innlán og útlán 5 stærstu banka sem hlutfall af heildareignum, innlánnum og -útlánnum bankakerfisins í hverju landi



Heimild: Possible effects of EMU on the EU banking system in the medium to long term, ECB, 1999.

Á mynd 2 sést að samþjöppun á bankamarkaði er mismikil í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Í stærri hagkerfum Evrópu er bankakerfið minna samþjappað en í þeim smærri. Hægt er að skipta þessum löndum í þrjá hópa eftir stigi samþjöppunar:⁵⁶

- **Hópur 1:** Lönd með samþjöppun yfir 70% (Svíþjóð, Holland, Finnland, Portúgal, Danmörk og Grikkland).
- **Hópur 2:** Lönd með meðalsamþjöppun milli 40 og 60% (Austurríki, Belgía, Spánn, Írland og Frakkland).
- **Hópur 3:** Lönd með litla samþjöppun eða undir 30% (Þýskaland, Lúxemborg, Bretland og Ítalía).

Rétt er að geta þess að samþjöppun getur verið mismunandi á einstökum undirmörkuðum bankamarkaðarins. Þegar samþjöppun og samkeppni eru skoðuð þarf að taka tillit til milliliða annarra en banka sem miðla fjármagni til lántakenda á ákveðnum hlutum smásölu-markaðarins. Ef samþjöppun er mikil á bankamarkaði þarf að skoða hvort aðrir fjármálamilliliðir hafa sterka markaðsstöðu. Í stóru löndunum, svo sem Þýskalandi og Ítalíu er það ekki raunin.⁵⁷ Einnig er rétt að skoða markaðshlutdeild erlendra banka í viðkomandi landi. Markaðshlutdeild erlendra banka mæld sem hlutfall af heildareignum er um 50% í Bretlandi, en 11% í Frakklandi, 4% í Þýskalandi og 3% á Ítalíu.⁵⁸

Þrjú mynstur virðast vera í gangi hvað varðar þróun samþjöppunar undanfarin ár. Í fyrsta lagi aukin samþjöppun þar sem samþjöppun var mest fyrir. Í öðru lagi lítil minnkun á samþjöppun fyrir miðjuhópin (fyrir utan Belgíu og Austurríki). Í þriðja lagi nokkur aukning í samþjöppun í Þýskalandi, sem er með lægstu samþjöppunina.


⁵⁶ Possible effects of the EMU on the EU banking system in the medium to long term, European Central Bank, 1999.

⁵⁷ Kredit und kapital 3/1999, the forces behind the concentration trend in the European Banking Industry.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 386.

Mikil samþjöppun er á bankamarkaði í Skandinavíu. Fimm stærstu bankarnir í hverju Norðurlanda fyrir utan Ísland stóðu fyrir 86% af heildareignum bankakerfisins árið 1999 en sama hlutfall fyrir öll ESB-ríki var 64%. Á Íslandi er sama hlutfall um 88% og er sambærilegt við Skandinavíu en þó minna en í Svíþjóð og Finnlandi. Lág samþjöppun innan ESB skýrist af lítilli samþjöppun stóru landanna innan ESB (Þýskaland, Frakkland og Ítalía) sem vegur mun þyngra en mikil samþjöppun í litlu löndunum.

Mynd 3: Samþjöppun á bankamarkaði á Norðurlöndum og ESB í árslok 1998



Heimild: *Monetary Review 2nd Quarter*, Seðlabanki Danmerkur, 2000.

Skýring á mikilli samþjöppun í litlum löndum getur meðal annars legið í því að bankar þurfi að ná ákveðinni stærð til að ná fram eðlilegri hagkvæmni í starfseminni. Mikil samþjöppun á bankamarkaði á Norðurlöndum skýrist m.a. af samruna norrænna banka í lok níunda og upphafi tíunda áratugarins. Þetta var að hluta afleiðing þeirrar bankakreppu sem gekk yfir Skandinavíu á þeim tíma.

Ef bankar á Norðurlöndum eru bornir saman eftir markaðsverðmæti er norræni MeritaNord-banken Group stærstur banka en hann varð til við samruna finnska bankans Merita og sænska bankans Nordbanken árið 1997. Merita Nordbanken sameinaðist danska bankanum Unidanmark í apríl á þessu ári. Í byrjun október sameinuðust Danske Bank og RealDanmark og varð til einn af stærstu bönkum á Norðurlöndum.

Rannsóknir benda til þess að aukin samþjöppun muni til lengri tíma litið leiða til minni samkeppni. Í skýrslu starfsmanna hollenska seðlabankans um samkeppni og samþjöppun á bankamarkaði ESB-ríkja er sýnt fram á neikvætt samband milli samþjöppunar og samkeppni í bankakerfinu. Því meiri samþjöppun þeim mun minni samkeppni.⁵⁹ Þessar niðurstöður eru þó ekki algildar. Með því að taka tillit til aukinnar samkeppni erlendis frá sem og samkeppni frá öðrum fjármálafyrirtækjum jafnast skaðleg áhrif samþjöppunar bankanna á samkeppni út.⁶⁰ Breytingar á samkeppni í bankakerfinu virðast einnig vera afleiðing hagsveiflna, eins og fram kemur í könnun á samkeppni banka í Finnlandi.⁶¹ Í henni er komist að þeirri niðurstöðu að aukið frjálsræði í viðskiptum leiði til meiri verðsamkeppni til skamms tíma litið en breytingar í samkeppni megi þó rekja til hagsveiflna. Ekki fannst í könnun þessari beint samband milli samkeppni og breytinga á samþjöppun.

⁵⁹ J.A. Bikker and H.J. Groeneveld, *Competition and Concentration in the EU Banking Industry*, DNP staff reports.

⁶⁰ Sama heimild, bls. 24.

⁶¹ Vesela, *Testing for competition in banking: behavioural evidence from Finland*, Studies E:1, Bank of Finland, 1995.

Kafli 4: Samþjöppun á evrópskum bankamarkaði

Tafla 38: Samþjöppun evrópskra banka

Samþjöppun að byrja	Lönd	Stig þróunar
	Þýskaland	Samþjöppun að byrja
	Ítalía	Samþjöppun byrjuð
	Frakkland	Samþjöppun hefur aukist nokkuð á undanförunum árum
	Spánn/Portúgal	Samþjöppun á sér stað innanlands
	Bretland	Minni háttar breytingar í samþjöppun á næstu árum
	Austurríki	Samþjöppun að mestu lokið innanlands
	Írland	Samþjöppun lokið innanlands, samrunar yfir landamæri að byrja
	Sviss	Samþjöppun nær lokið
	Skandinavía	Samþjöppun innanlands nær lokið. Samrunar milli banka og tryggingafyrirtækja og milli landa
	Holland, Belgía og Lúx	Samþjöppun innan Benelux, samþjöppun á ESB-stigi væntanleg
▽		
Samþjöppun nær lokið		

Heimild: *Ársskýrsla Finnsla seðlabankans árið 1999, bls. 36.*

Líkur benda til þess að samþjöppun eigi eftir að aukast í evrópska bankakerfinu með sameiginlegum gjaldmiðli.

Tafla 39: Þróun í samþjöppun lána og innlána 5 stærstu bankanna sem hlutfall af heildarlánum og innlánnum árin 1985-1997

	Útlán			%breyting	Innlán			%breyting
	1985	1990	1997	1985-1997	1985	1990	1997	1985-1997
Svíþjóð	62,7%	64,9%	87,4%	39,4%	57,9%	61,4%	86,9%	50,1%
Holland	67,1%	76,7%	80,6%	20,1%	85,0%	79,5%	84,2%	-0,9%
Finland	49,7%	49,7%	56,2%	13,1%	54,2%	46,1%	63,1%	16,4%
Portúgal	60,0%	57,0%	75,0%	25,0%	64,0%	62,0%	79,0%	23,4%
Danmörk	71,0%	82,0%	75,0%	5,6%	70,0%	82,0%	72,0%	2,9%
Grikkland	93,2%	89,7%	76,9%	-17,5%	89,2%	87,7%	79,6%	-10,8%
Belgía	54,0%	58,0%	66,0%	22,5%	62,0%	67,0%	64,0%	3,2%
Austurríki	48,7%	44,7%	48,3%	-0,8%	32,0%	32,0%	39,1%	22,2%
Spánn	35,1%	33,4%	42,1%	19,9%	35,1%	31,4%	38,2%	8,8%
Írland	47,7%	42,9%	46,8%	-1,9%	62,6%	43,7%	50,2%	-19,8%
Frakkland	48,7%	44,7%	48,3%	-0,8%	46,0%	58,7%	68,6%	49,1%
Bretland			26,0%				26,0%	
Ítalía	16,6%	15,1%	25,9%	56,0%	19,9%	18,6%	36,7%	93,2%
Lúxemborg			26,6%				28,0%	
Þýskaland		13,5%	13,7%			11,6%	14,2%	
ESB meðaltal			52,6%				55,3%	

Heimild: *Possible effects of EMU on the EU banking system in the medium to long term, ECB, 1999.*

4.4 Samþjöppun og arðsemi í Evrópu

Mynd 4: Samþjöppun og arðsemi


Lönd	Samþjöppun					Arðsemi				
	Lítill		Mikil			Lítill		Mikil		
	1	2	3	4	5	1	2	3	4	5
Bretland										
Spánn										
Benelux										
Skandinavía										
Ítalía										
Frakkland										
Dýskaland										

Heimild: Íslenska bankakefið í breyttu umhverfi, Landsbanki Íslands 1998.

Á mynd 4 er sýnt samhengi á milli samþjöppunar og arðsemi árið 1998. Á myndinni hefur samþjöppun á bankamarkaði í ofangreindum löndum verið mæld út frá innlánnum þriggja stærstu bankanna í hverju landi í hlutfalli af heildarinnlánnum bankakerfisins. Arðsemi er arðsemi eigin fjár.

Á myndinni sést að þar sem samþjöppun er mikil er arðsemi banka einnig mest. Ef horft er á rekstrarafkomu 1998 virðist skýrt samhengi á milli samþjöppunar og arðsemi. Dýskaland og Ítalía eru dæmi um lönd þar sem einingar eru margar og tiltölulega smáar og arðsemi er lítill. Á Bretlandi og Spáni hefur orðið þó nokkur samþjöppun, þar er heildarafkoma greinarinnar einnig best. Á Spáni hefur verið nokkur samþjöppun á bankamarkaðnum á undanförunum árum og hefur samþjöppun aukist og hlutfall eignar 10 stærstu bankanna af heildareignum hækkað frá 50% árið 1992 í yfir 70% árið 1998. Þannig hefur sparisjóðum fækkað úr 80 á níunda áratugnum í 51 árið 1997 og fjöldi samvinnusparisjóða úr 150 í 97 á sama tíma. Þrátt fyrir aukna samþjöppun hefur samkeppni aukist á flestum mörkuðum bankanna. Þessi aukna samkeppni hefur leitt til lækkunar á vaxtamun.⁶²

Mynd 5: Hagnaður fyrir skatta í 5 löndum Evrópu árin 1998-1999: capital %



Heimild: *The Banker, Top 1000 world banks*, júlí 2000.

⁶² Ignacio Fuentes and Teresa Sastre, *Mergers and acquisitions in the Spanish banking industry: Some empirical evidence*, 1999, bls. 10 og 24.

4.5 Stærð banka og láns hæfismat

Á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er áberandi starfsemi svonefndra matsfyrirtækja sem gegna því hlutverki að greina áhættu í fjármálaviðskiptum. Bandarísku fyrirtækin Moody's Investors Service og Standard and Poor's Corporation standa fremst meðal þeirra sem starfa að áhættumati á alþjóðlegum markaði. Kjarninn í starfi þeirra felst í því að meta láns hæfi lántakenda og birta niðurstöður opinberlega. Hugtakið láns hæfi má skilgreina á þann veg að það feli í sér líkur á því að lántaki standi við skuldbindingar um greiðslur samkvæmt ákvæðum láns samningsins.⁶³

Einkunn Moody's og S&P er oft afgerandi í verðlagningu lána til fjármálastofnana og fyrirtækja og einnig einn af ákvarðandi þáttum í verðmyndun verðbréfa á helstu fjármálamörkuðum heims. Uppistaðan í einkunnakerfi Moody's er A-B-C flokkun vegna langtímaskuldbindinga og tveggja stiga P-kerfi (Prime Rating System) vegna skuldbindinga til skemmri tíma. Þá byggir kerfið einnig á A-E flokkun vegna fjárhagslegs styrks.

Tafla 40: Einkunnakerfi Moody's fyrir skuldbindingar og fjárhagslegan styrk

Einkunn	Langtímaskuldbindingar Meðlangtímsáttak	Einkunnir íslenskra banka
Aaa	Há einkunn, afburðagóð bréf	
Aa1	Há einkunn, mjög góð bréf	
Aa2		
Aa3	→	
A1	Einkunn í góðu meðallagi, viðunandi greiðslugeta	
A2		Íslandsbanki-FBA
A3		Landsbanki og Búnaðarbanki
Baa1	Miðlungseinkunn, viðunandi greiðslugeta	
Baa2		
Baa3		
Ba1	Greiðslur líklegar en óvissar	
Ba2		
Ba3		
B1	Mikil áhætta	
B2		
B3		
Caa	Yfirvofandi hættu á vanskilum	
Ca		
C	Komið í gjaldþrot	
Einkunn	Skammtímaskuldbindingar Meðlangtímsáttak	Einkunnir íslenskra banka
Prime-1	Afburðageta til að greiða skammtímaskuldbindingar	Íslandsbanki-FBA
Prime-2	Góð geta til að greiða skammtímaskuldbindingar	Landsbanki og Búnaðarbanki
Prime-3	Viðunandi greiðslugeta á skammtímaskuldbindingum	
Einkunn	Fjárhagslegur styrkur Meðlangtímsáttak	Einkunnir íslenskra banka
A	Afburða fjárhagslegur styrkur	
B	Mjög góður fjárhagslegur styrkur	
C	Fjárhagslegur styrkur í góðu meðallagi	Íslandsbanki-FBA
D	Nægjanlegur fjárhagslegur styrkur	Landsbanki og Búnaðarbanki
E	Veikur fjárhagslegur styrkur	

Heimild: *Moody's.com, Seðlabanki Íslands og Fjármálatíðindi, júlí – desember 1995.*


Í kjölfar tilkynningar um samruna Íslandsbanka og FBA tilkynnti Moody's að fyrirtækið hefði tekið til endurskoðunar mat sitt á láns hæfi Íslandsbanka og FBA. Láns hæfiseinkunn Íslandsbanka og FBA fyrir samrunann var A3 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-2 fyrir

⁶³ *Fjármálatíðindi, Ólafur Ísleifsson, júlí – desember 1995.*

skammtímaskuldbindingar og fyrir fjárhagslegan styrkleika fékk FBA einkunnina D og Íslandsbanki einkunnina D+. ⁶⁴ Eftir samrunann gaf Moody's Íslandsbanka-FBA hf. einkunnina A2 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og C fyrir fjárhagslegan styrkleika. ⁶⁵ Lánshæfismatið batnaði því við samrunann.

Í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 22/2000 kemur fram að þessi breyting gæti þýtt lækkun á vöxtum sem bankinn greiðir af erlendum lánum um u.þ.b. 5–7 punkta (0,05 – 0,07 prósentu-stig). Jafnframt leiðir betra lánshæfismat til auðveldari aðgangs að lánsfé. Núverandi mat Moody's á lánshæfi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hvors fyrir sig er A3 fyrir langtímaskuldbindingar, Prime-2 fyrir skammtímaskuldbindingar og D fyrir fjárhagslegan styrkleika. ⁶⁶ Moody's hefur ekki framkvæmd mat á öðrum lánastofnunum en þeim sem að ofan greinir. Moody's mat lánshæfi íslenska ríkisins sem Aa3 á langtíma-skuldbindingum, Prime-1 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og á skuldbindingar í ísl. kr. fékk ríkið hæstu einkunn.

Mynd 6: Markaðsverðmæti banka á Norðurlöndum og lánshæfismat þeirra á árinu 1998



Heimild: Íslenska bankakerfið í breyttu umhverfi, Landsbanki Íslands 1998.

Á mynd 6 sést að íslensku bankarnir eru fremur smáir ef miðað er við helstu banka á Norðurlöndum (byggt er á skýrslu Landsbankans, *Íslenska bankakerfið í breyttu umhverfi*, frá 1998). Ef bankarnir eru bornir saman eftir markaðsverðmæti sést að norræni MeritaNordbanken Group er stærstur, en hann varð til við samruna finnska bankans Merita og sænska bankans Nordbanken 1997. Í apríl 2000 sameinuðust MeritaNordbanken og Unidanmark. Það sést líka að sænsku bankarnir eru mun stærri en bankar annarra Norðurlanda, enda hæst verg landsframleiðsla í Svíþjóð. Einnig skýrist munurinn af meiri alþjóðaviðskiptum sænsku bankanna. Sjá má jákvætt samhengi á milli stærðar bankanna og lánshæfismats þeirra. Íslenskir bankar verða að hafa þetta í huga með aukinni samkeppni á alþjóðavettvangi. ⁶⁷







⁶⁴ Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 22/2000, bls. 26.

⁶⁵ Seðlabanki Íslands, Annáll fjármálamarkaða, júlí 1999 – júlí 2000.





⁶⁶ Seðlabanki Íslands, Annáll fjármálamarkaða, febrúar 1999 – febrúar 2000 og *Ársskýrsla Landsbanka Íslands*, 1999.

⁶⁷ *Íslenska bankakerfið í breyttu umhverfi*, Landsbanki Íslands, 1998.

Hlutdeild stærstu banka á Norðurlöndum í eignum bankakerfisins




Markaðshlutdeild stærstu bankanna á Norðurlöndum í Innlánnum







Mynd XLIII: Noregur

- Upplýsingar ekki fáanlegar.
- Engar upplýsingar fengust frá norska fjármálaeftirlitinu og samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Seðlabanka Noregs liggja upplýsingar ekki fyrir með vísan í norsku upplýsingalögin.




Markaðshlutdeild stærstu bankanna á Norðurlöndum í útlánum



Mynd XLIV: Noregur

- Upplýsingar ekki fáanlegar.
- Engar upplýsingar fengust frá norska fjármálafréttinu og samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Seðlabanka Noregs liggja upplýsingar ekki fyrir með vísan í norsku upplýsingalögum.




Sameiningar banka á Norðurlöndum


Mynd XLVI: Fjöldi banka og sparisjóða á hverju Norðurlanda

- Í Noregi eru 132 sparisjóðir og 14 viðskiptabankar
- Í Svíþjóð eru 85 sparisjóðir, 121 viðskiptabankar, 19 erlend útibú banka.
- Í Danmörku eru 190 sparisjóðir og viðskiptabankar, þar af 4 færeyskir og 20 erlend útibú banka.
- Í Finnlandi eru 40 sparisjóðir, 9 viðskiptabankar (þar af tilheyra 248 samvinnusparisjóðir OKOBANK Group) og 6 erlend útibú banka.
- Á Íslandi eru 25 sparisjóðir og 4 viðskiptabankar.

Mynd XLVII: Stærstu bankar á Norðurlöndum – eftir nýlegar sameiningar, heildareignir í milljónum danskra króna (31/12/99).



Mynd XLVIII: Nordic Baltic Holding



Mynd IL: Stærsti banki Norðurlanda Merita Nordic Banking Group

- MeritaNordbanken Group er stærsti banki Norðurlanda með 10 milljónir viðskiptavina þar af um 700 þúsund fyrirtæki og stofnanir. Alls nota 1,8 milljón viðskiptavina internetið. Bankinn er með 1260 bankaafgreiðslur, 125 tryggingaútibú og 38 þúsund starfsmenn.
- Eignir Unibank eru 25% af heildareignum bankakerfisins í Danmörku.
- Eignir Merita Finnlandi eru 44% af heildareignum bankakerfisins í Finnlandi.
- Eignir Nordbanken eru 17% af heildareignum bankakerfisins í Svíþjóð.
- Eignir CBK eru 14% af heildareignum bankakerfisins í Noregi.

Mynd L: Helstu skref í stækkun MeritaNordbanken

- Í október 2000 sameinast MeritaNordbanken og norskur bankinn Christianiabank og Kreditkassen (CBK).
- Í apríl 2000 sameinast MeritaNordbanken og danski bankinn Unidanmark
- Árið 1997 sameinast finnski bankinn Merita og sænski bankinn Nordbanken.
- Í upphafi tíunda áratugarins sameinuðust tveir stærstu bankar Finnlands, Kansallis-Osake-Pankki og Union Bank of Finland og mynduðu Merita bankann.

Mynd LI: Helstu sameiningar á Norðurlöndum undanfarin ár, sjá einnig mynd L

- Danske Bank og Realdanmark sameinast í október 2000
- Íslandsbanki og FBA sameinast í apríl 2000
- Den norske Bank og Postbanken sameinast í desember árið 1999.
- Danske Bank kaupir Fokus Bank, sem er fjórði stærsti banki Noregs, í maí 1999.
- Norska Sparbanken1-Gruppe kaupir Vår Bank og Forsikring árið 1999.
- Svenska Handelsbanken kaupir Bergensbanka árið 1999.
- Svenska Handelsbanken kaupir Codan Bank árið 1999.
- Norsku fjármálafyrirtækin Sparbanken NOR og Gjensidige sameinast árið 1998.

Kafli 6: Fjárhagsleg staða einstakra aðila

6.1 Inngangur

Í skýrslu samkeppnisráðs, *Stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi*, sem gefin var út í desember 1994, er fjármálamarkaðnum lýst sem fákeppnismarkaði. Til þess að markaður teljist fákeppnismarkaður þurfa tiltölulega fá fyrirtæki að vera á markaðnum og hvert þeirra að hafa umtalsverðan efnahagslegan styrk, mælt sem heildareignir og eigið fé. Þessari skoðun Samkeppnisstofnunar um fákeppni á hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi hér á landi er enn haldið fram í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/2000.

Eins og fram hefur komið í köflum 2 og 3 er fákeppni ekki á mörgum mörkuðum viðskiptabanka og sparisjóða heldur samkeppni og möguleikar á staðgönguvörum og eða staðgönguþjónustu miklir. Fleiri sterkir aðilar en viðskiptabankar og sparisjóðir koma þar við sögu. Bent var á að auk banka og sparisjóða starfa tryggingafélög, lífeyrissjóðir, íbúðalánasjóðir og fjármögnunarleigjur og fleiri á markaðnum, auk þess sem fyrirtæki eiga kost á því að leita eftir viðskiptum við erlendar fjármálastofnanir.

Í þessum kafla er efnahagslegur styrkur keppinauta á fjármálamarkaðnum athugaður og sýnd þróun í veltu, afkomu og efnahag helstu undirgreina fjármálamarkaðarins árin 1995–1999. Jafnframt er tekjusatsetning, hagnaðarmyndun og efnahagslegur styrkur viðskiptabanka og sparisjóða sérstaklega tekinn til athugunar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa flestir stóran efnahagsreikning. Viðskiptabankarnir eru eigendur verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða, hlutabréfasjóða, eignaleigufyrirtækja og greiðslukortafyrirtækja. Bankar og sparisjóðir starfa á öllum sjö undirmörkuðum fjármálamarkaðarins og bjóða allir upp á sambærilega þjónustu. Á síðasta ári voru fjórir viðskiptabankar og tuttugu og fimm sparisjóðir starfandi og voru afgreiðslur þeirra 187 að tölu. Að auki voru 204 hraðbankaafgreiðslur staðsettar víða um land.

Einu aðilarnir sem hafa jafnsstóran efnahagsreikning og bankakerfið eru lífeyrissjóðirnir. Fjárhagsstyrkur þeirra helgast af því að nær allur lífeyrissparnaður landsmanna er í þeirra vörslu. Lífeyrissjóðirnir eru stærstu einstöku eigendur bankanna. Einnig er fjárhagsstaða tryggingafélaga sterk og hefur aukist verulega á undanfönum árum.

Skipting tekna hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum er svipuð. Stærsti tekjustofn banka og sparisjóða eru hreinar vaxtatekjur, það er mismunur vaxtatekna og vaxtagjalda. Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af meðalstöðu efnahags nefnist vaxtamunur og hefur hann farið lökkandi undanfarin ár.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa skilað methagnaði á síðastliðnum tveimur árum sem skýrist m.a. af gengishagnaði af stöðutöku í hlutabréfum og skuldabréfum. Hagnaðurinn virðist hafa myndast af minna mæli af smásöluþjónustu. Rétt er að geta þess að gengishagnaður er sveiflukenndur og byggist á veltuviðskiptum og stöðutökum sem getur allt eins skilað tapi eins og hagnaði.

6.2 Fjárhagslegar upplýsingar um seljendur á markaðnum

Tafla 43: Dröun í veltu, afkomu og efnahag einstakra undirgreina árin 1995–1999

Fyrirtæki	1995	1996	1997	1998	1999	Aukning
Viðskiptabankar						
Velta (hreinar rekstrartekjur)	13.632	14.482	16.028	18.254	22.975	68,5%
Hagnaður ársins	709	1.233	1.510	2.975	4.493	533,7%
Heildareignir í árslok	215.129	242.498	281.588	354.628	444.792	106,8%
Eigið fé í árslok	14.870	16.164	17.685	23.332	27.604	85,6%
Arðsemi eigin fjár	6,4%	8,8%	9,3%	16,6%	19,3%	
Sparisjóðir						
Velta (hreinar rekstrartekjur)	3.816	4.173	4.525	5.375	7.750	103,1%
Hagnaður ársins	561	641	137	658	1.208	115,3%
Heildareignir í árslok	52.050	58.201	70.415	91.839	116.373	123,6%
Eigið fé í árslok	6.112	6.929	7.440	8.375	10.680	74,7%
Arðsemi eigin fjár	9,9%	10,3%	1,9%	8,7%	13,5%	
Fjárfestingarbankar *						
Velta (hreinar rekstrartekjur)				3.310	6.471	
Hagnaður ársins				1.128	2.361	
Heildareignir í árslok				101.771	125.808	
Eigið fé í árslok				11.278	13.283	
Fjárfestingarlánasjóðir **						
Velta	2.550	2.776	3.916	788	1.137	
Hagnaður ársins	721	1.242	1.656	-0,4	196	
Heildareignir í árslok	73.764	78.867	94.582	20.827	22.816	
Eigið fé í árslok	12.699	14.200	17.060	4.644	4.893	
Eignaleigufyrirtæki						
Velta	532	626	882	1.231	1.510	183,8%
Hagnaður ársins	126	153	281	399	574	355,6%
Heildareignir í árslok	10.976	14.435	21.013	27.948	36.041	228,4%
Eigið fé í árslok	1.210	1.476	1.878	2.189	3.000	
Greiðslukortafyrirtæki ***						
Velta	900	1.027	1.130	1.861	2.085	
Hagnaður ársins	76	93	127	270	282	
Heildareignir í árslok	8.885	10.312	11.079	14.947	17.847	
Eigið fé í árslok	863	854	1.080	2.039	2.433	
Verðbréfafyrirtæki						
Velta	1.148	1.934	1.196	1.251	2.151	
Hagnaður ársins	88	229	33	23	273	
Heildareignir í árslok	4.599	8.399	4.431	5.800	7.692	
Eigið fé í árslok	883	1.362	936	1.039	1.479	
Lífeyrissjóðir						
Iðgjöld	17.054	19.054	26.261	36.748	49.037	187,5%
Lífeyrir	-8.353	-9.332	-12.409	-14.630	-16.275	94,8%
Fjárfestingartekjur	13.622	21.805	26.209	28.166	54.694	301,5%
Heildareignir í árslok	262.617	306.506	352.690	408.641	517.598	97,1%

Heimild: Fjármálaeftirlitið og ársreikningar félaganna.

* og ** Árin 1995–1997 féllu fjárfestingarbankar undir fjárfestingarlánasjóði, sbr. flokkun Fjármálaeftirlitsins.

*** Árin 1995–1997 eru einungis sýndar tölur fyrir Greiðslumiðlun.

Tafla 43: Þróun í veltu, afkomu og efnahag einstakra undirgreina í m.kr. árin 1995–1999

Fyrirtæki	1995	1996	1997	1998	1999	Aukning
Verðbréfasjóðir						
Velta	1.166	1.733	2.420	4.446	9.541	718,3%
Hagnaður ársins	2	2	2	1	4	
Heildareignir í árslok	15.078	21.184	33.948	74.779	91.583	507,4%
Hlutabréfasjóðir						
Velta						
Hagnaður ársins						
Heildareignir í árslok	4.350	11.192	17.410	19.015	23.690	444,6%
Íbúðalánasjóður						
Velta (hreinar rekstrart.)					1.496	
Hagnaður ársins					268	
Heildareignir í árslok				248.707	279.188	
Eigið fé í árslok				6.898	7.560	
Lánasjóður sveitarfélaga						
Velta (hreinar rekstrart.)	222	237	255	434	746	236,0%
Hagnaður ársins	329	354	248	280	309	-6,1%
Heildareignir í árslok	5.313	5.876	6.328	7.103	7.825	47,3%
Eigið fé í árslok	4.520	4.967	5.315	5.663	6.290	39,2%
Tryggingafélög						
Iðgjöld ársins	14.762	15.003	14.855	15.336	15.843	
Fjármunatekjur	2.363	2.910	3.591	3.789	3.361	
Allt	17.125	17.913	18.446	18.446	19.204	12,1%
Hagnaður	692	1.149	1.596	1.721	1.691	144,1%
Vátryggingarskuld	30.897	34.214	35.330	37.317	39.927	29,1%
Heildareignir í árslok	39.395	44.576	51.825	57.672	63.873	62,1%
Eigið fé í árslok	5.625	7.088	12.834	15.932	18.367	226,5%
Samtals						
Heildareignir í árslok					1.738.775	

Heimild: Fjármálaeftirlitid og ársreikningar félaganna.

Á töflu 43 sést þróun í veltu, afkomu og efnahag helstu undirgreina fjármálamarkaðarins árin 1995–1999. Eins og sést á töflunni hefur verið töluverður vöxtur í nær öllum undirgreinum markaðarins. Vert er að hafa í huga að starfsemi framangreindra aðila er ekki að öllu sambærileg. Þannig er nokkrum erfiðleikum bundið að bera saman eignir viðskiptabanka og sparissjóða við eignir lífeyrissjóða, tryggingafélaga, verðbréfasjóða, hlutabréfasjóða og íbúðalánasjóðs.


Greinilega kemur fram að hjá viðskiptabönkum og sparissjóðum er umfang heildarfjármuna mikið. Árið 1999 var veltan og hagnaður mikill í þeim geira fjármálamarkaðarins. Viðskiptabankarnir eru eigendur verðbréfafyrirtækja, verðbréfasjóða, hlutabréfasjóða, eignaleigufyrirtækja og greiðslukortafyrirtækja.

Einu aðilarnir sem hafa jafnsterka eigna- og eiginfjárstöðu og bankakerfið eru lífeyrissjóðirnir. Fjárhagsstaða þeirra er einnig sterk sem helgast af því að nánast allur lífeyrissparnaður landsmanna er í þeirra vörslu. Vægi heildareigna lífeyrissjóða (verðbréfaeignar og útlána) er mikið í samanburði við útlán bankakerfisins. Lífeyrissjóðirnir eru stærstu einstöku eigendur bankanna. Eiginfjárstaða tryggingafélaga er sterk og hefur batnað verulega á tímabilinu. Fjárhagsstaða fjárfestingarbanka er sýnd með FBA hf. en hann sameinaðist Íslandsbanka árið 2000. Ekki er sýnd þróun í veltu, afkomu og efnahag lánasjóða ríkisins (fyrir utan Íbúðalánasjóð) né erlenda aðila.

6.3 Tekju- og hagnaðarsamsetning viðskiptabanka og sparisjóða

„Sú var tíðin að sveiflur í afkomu viðskiptabanka og sparisjóða ultu á því hversu vel gekk í lánsfjármíðlun, þ.e. innlánunum og útlánunum. Með tilkomu nýrra þjónustupáttá og þátttöku í rekstri sem liggur utan hefðbundins starfssviðs lánastofnunar hafa íslenskir bankar og sparisjóðir verið að breikka tekjugrundvöllinn. Helstu skýringar eru aukin umsvif með óbreyttum vaxtamun, nýjar tekjulindir og lítil útlánatöp vegna góðæris sem ríkir í landinu.“⁷⁵

Mynd 7: Skipting á hreinum rekstrartekjum viðskiptabanka og sparisjóða




Skipting tekna hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum er svipuð. Þegar hreinar rekstrartekjur eru greindar eftir uppruna kemur fram að um 60–65% eru vaxtatekjur og um 35–40% eru aðrar tekjur hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Stærsti þáttur þessara annarra tekna eru þóknanir sem eru fengnar samkvæmt gjaldskrá af margháttadri þjónustu. Hjá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum nam sá liður 23% af hreinum rekstrartekjum á síðasta ári. Við bætist gengishagnaður sem var 7,6% á síðasta ári.

Stærsti tekjustofn banka og sparisjóða eru hreinar vaxtatekjur, það er mismunur vaxtatekna og vaxtagjalda. Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af meðalstöðu efnahags nefnist vaxtamunur og hefur hann farið lækkandi undanfarin ár. Árið 1995 var vaxtamunur 4,6%, árið 1996 4,4%, árið 1997 4,1%, árin 1998 og 1999 var vaxtamunurinn 3,6%. Með aukinni samkeppni, innlendri og erlendri, hefur vaxtamunur viðskiptabanka og sparisjóða farið minnkandi síðustu ár.

⁷⁵ Tryggvi Pálsson, *Afkoma og efnahagur banka og sparisjóða 1999, Peningamál II, 2000, Sí.*

Mynd 8: Hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða fyrir skatta árin 1995-1999




Heimild: Ársreikningar félaganna og Fjármálaeftirlitið.

Afkoma viðskiptabanka og sparisjóða hefur batnað verulega frá 1995 til 1999. Á árinu 1999 skiluðu flestir bankar og sparisjóðir methagnaði. Hagnaður viðskiptabanka árið 1999 var 7.018 m.kr. fyrir skatta en 4.493 m.kr. eftir skatta samanborið við 2.157 m.kr. hagnað fyrir skatta og 709 m.kr. hagnað eftir skatta árið 1995. Afkoma einstakra fyrirtækja hefur þó verið mismunandi á tímabilinu.

Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta árið 1999 var 1.752 m.kr., Landsbanka 1.520 m.kr., Búnaðarbanka 1.221 m.kr. og sparisjóðanna samtals 1.185. Í afkomutölum sparisjóðanna er meðtalinn hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabanka Íslands.


Mynd 9: Hlutfall kostnaðar af tekjum 1999



Heimild: Bankagreining Kaupþings – júní 2000 að viðbættum sparisjóðum og Íslandsbanka-FBA.

Á mynd 9 er sýnt hlutfall kostnaðar af tekjum fyrir viðskiptabanka, sparisjóði og FBA árið 1999. Rekstrarkostnaður banka og sparisjóða árið 1999 var um 25 milljarðar króna. Kostnaðarhlutfall bankanna er um 65%. Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn. Greiðslumiðlunarkerfið og dreifinetin sem felast í útibúum er kostnaðarsamt en eins og áður var minnst á voru afgreiðslustaðir 187 í árslok 1999. Að auki voru 204 hraðbankaafgreiðslur staðsettar víða um land. Rétt er að geta þess að vegna mismunandi eðli rekstrar er kostnaðarhlutfallið ekki sambærilegt milli aðila. Útlán FBA eru til fyrirtækja á meðan bankar og sparisjóðir lána mikið til einstaklinga og þá sérstaklega sparisjóðirnir. Því áhættusamri sem útlánin eru því hærri er afskriftarþörfin.


Mynd 10: „Hagnaður af gengismun“ og „tekjur af hlutabréfum“ sem % af hagn. f. skatta



Heimild: Ársreikningar félaganna.

Á mynd 10 sést „hagnaður af gengismun“ og „tekjur af hlutabréfum“ sem hlutfall af heildarhagnaði fyrir skatta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Greinilegt er hve þessir tveir liðir eru stór hluti af hagnaði bankakerfisins. Á árinu 1999 lækkar hlutfallið verulega hjá Íslandsbanka sem skýrist af gengistapi af veltuskuldabréfum sem nam 323 m.kr. samanborið við 613 m.kr. hagnað árið áður. Rétt er að geta þess að ekki er tekið tillit til kostnaðar við öflun þessara liða, þar sem hann er ekki sundurgreindur í ársreikningum fyrirtækjanna. Til kostnaðar teljast t.d. laun starfsmanna og húsnæðiskostnaður. Einnig er rétt að geta þess að sparisjóðirnir eru með sérstök hlutdeildarfélag um verðbréfarekstur á meðan hann er inn í almennum rekstri bankanna.

Mynd 11: Gengishagnaður sem % af hagnaði fyrir skatta árið 1999



Heimild: Bankagreining Kaupþings – júní 2000, að viðbættum sparisjóðum.

Á mynd 11 er aðeins sýndur gengishagnaður sem hlutfall af hagnaði fyrir skatta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum auk FBA. Afkoma banka og sparisjóða var á árinu 1999 sú besta í sögu þeirra og skýrist það að miklu leyti af gengishagnaði af fjármálastarfsemi auk góðs gengis hlutdeildarféлага, sbr. mynd 10.

Gengishagnaður var 7,6% af tekjum viðskiptabanka og sparisjóða. Athuga verður að árið 1999 seldu sparisjóðirnir hlut Skandinavian Holding í hlutabréfum í FBA og reyndist

söluhagnaður verulegur. Söluhagnaðurinn er færður sem tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum hjá sparisjóðum en ekki sem gengishagnaður. Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum hefur aukist úr 4,3% af tekjum sparisjóðanna árið 1995 í 22,4% árið 1999. „Gengishagnaður banka og sparisjóða er sveiflukenndur og byggir á veltuviðskiptum og ekki síður stöðutökum sem getur allt eins skilað tapi eins og hagnaði.“⁷⁶ Rétt er að geta þess að til lengri tíma litið skilar stöðutaka í hlutabréfum hagnaði.

Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa skilað methagnaði á síðastliðnum tveimur árum sem skýrist m.a. af gengishagnaði af stöðutöku í hlutabréfum og skuldabréfum. Rétt er að geta þess að gengishagnaður er sveiflukenndur og byggist á veltuviðskiptum og stöðutökum sem getur allt eins skilað tapi eins og hagnaði.

Rétt er þó að hafa í huga að tekjur af greiðslukortafyrirtækjunum koma sem tekjur af hlutdeildarfyrirtækjum inn í rekstur banka og sparisjóða, þ.e. sem tekjur af hlutabréfaeign. Nokkur hagnaður hefur verið af rekstri beggja greiðslukortafyrirtækjanna á undanförunum árum, sbr. töflu 43, en þá á eftir að taka tillit til kostnaðar bankanna við útibúanetið o.fl.

Tafla 44: Samandregið rekstrar- og efnahagsyfirlit viðskiptabanka og sparisjóða árið 1999







	Lands- banki	Búnaðar- banki	Spari- sjóðir	Íslandsb.- FBA	Íslands- banki	FBA
Rekstur						
Vaxtatekjur	15.517	9.345	11.337	19.011	13.010	6.001
Vaxtagjöld	10.001	5.876	7.027	13.110	8.309	4.801
Hreinar vaxtatekjur	5.516	3.469	4.310	5.901	4.701	1.200
Hreinar rekstrartekjur	9.110	6.615	7.750	10.010	7.250	2.760
Rekstrargjöld	5.986	3.710	4.429	5.230	4.326	904
Hagnaður fyrir skatta	1.548	1.704	1.751	3.526	2.015	1.511
Hagnaður ársins	1.520	1.221	1.185	2.959	1.752	1.206
Eignir						
Sjóður ofl.	23.021	14.552	13.168	13.102	9.754	3.348
Údán	131.070	81.003	83.605	175.725	101.129	74.596
Markaðsverðbréf og fl.	27.245	17.532	10.445	31.817	18.327	13.860
Hlutir í hlutdeildarfyrirt.	5.373	1.074	5.657	920	920	
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	784	9	193	40	40	
Rekstrarfjármunir	4.625	3.009	2.584	2.876	2.644	232
Ýmsir eignaliður	977	480	768	1.525	1.224	301
Heildareignir í árslok	193.095	117.659	116.430	226.005	134.038	92.338
Skuldir						
Skuldir við lánastofnanir	28.808	7.010	17.322	26.004	14.687	11.318
Innlán	77.821	61.003	60.741	57.097	57.097	0
Lántaka	70.278	38.369	21.275	118.695	48.307	70.388
Aðrar skuldir	2.136	1.331	926	3.084	1.943	1.142
Tekjuskattsskuldþing		755	894	439	279	160
Víkjandi lán	4.661	2.119	2.525	2.584	2.584	0
Eigið fé í árslok	11.391	7.072	10.651	18.102	9.141	9.331
Heildarskuldir í árslok	193.095	117.659	116.430	226.005	134.038	92.338

Heimild: Ársreikningar félaganna 1999 og Fjármálaeftirlitið.

Á töflu 44 er sýnt samandregið rekstrar- og efnahagsyfirlit fyrir samstæðureikninga viðskiptabanka og sparisjóði árið 1999. Sameinaður Íslandsbanki-FBA er stærstur íslenskra banka með heildareignir að fjárhæð 226 milljarðar króna í árslok 1999, Landsbanki Íslands er með 193, Búnaðarbanki Íslands 117 og sparisjóðirnir 116 milljarða króna.

⁷⁶ Tryggvi Pálsson, *Afkoma og efnahagur banka og sparisjóða 1999, Peningamál II*, 2000, Sí.

Tölulegur samanburður á viðskiptaböndum og sparisjóðum




Vaxtamunur

Mynd LVIII: Vaxtamunur


• Stærsti tekjustofn banka og sparisjóða eru hreinar vaxtatekjur, það er mismunur vaxtatekna og vaxtagjalda. Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af meðalstöðu efnahags nefnist vaxtamunur

• $Vaxtamunur = \frac{Vaxtatekjur - vaxtagjöld}{Meðalstaða efnahags}$

Mynd LIX: Vaxtamunur banka og sparisjóða í árslok 1999




Mynd LX: Þróun vaxtamunar árin 1995–1999



Mynd LXI: Skýringar á lækkun á vaxtamun á undanförmum árum

- Aukin samkeppni banka og sparisjóða. Þeir hafa hagrætt í rekstri á undanförmum árum.
- Fjármögnun banka og sparisjóða hefur áhrif á hlutfallið, þ.e. hvernig efnahagsreikningur er samsettur.
- Stærð banka og sparisjóða. Stærð efnahagsreiknings hefur vaxið á undanförmum árum, m.a. vegna stöðutöku í verðbréfum.

Mynd LXII: Vaxtamunurviðskiptabanka á Norðurlöndum '95 – '97 ásamt spá um þróun '98 og '99
Heimild: Íslenska bankakerfið í breyttu umhverfi, Landsb. 1998



Mynd LXIII: Atriði sem skipta máli við samanburð á vaxtamun á milli landa


- Stærð bankastofnana. Því minni sem bankastofnun er þeim mun hærra er vaxtamunur. Í stærri bankastofnun má ná fram stærðarhagkvæmni sem leiðir til lægri vaxtamunar.
- Samsetning útlána. Því herra sem hlutfall fjárfestingarlána er í heildarlánunum, þeim mun lægri ætti vaxtamunur banka að vera. Stór hluti fjárfestingarlána á Íslandi er utan bankakerfisins, sbr. Íbúðalánasjóð.
- Hlutfall eiginfjár. Herra hlutfall eiginfjár í efnahagsreikningi leiðir til hærri vaxtamunar.

Kostnaðarhlutfall


Mynd LXIV: Kostnaðarhlutfall

- Kostnaðarhlutfall er einn helsti mælikvarði á hagkvæmni í rekstri banka og sparisjóða.
- Hafa þer í huga við samanburð að eðli rekstrar hefur áhrif á hlutfallið.
- Kostnaðarhlutfall = $\frac{\text{Rekstrarkostnaður}}{\text{Hreinar rekstrartekjur}}$

Mynd LXV: Kostnaðarhlutfall banka og sparisjóða í árslok 1999 (FBA talið með)




Mynd LXVI: Þróun kostnaðarhlutfalls árin 1995–1999



Mynd LXVII: Skýringar á lækkun kostnaðarhlutfalls undanfarin ár

- Aukin samkeppni banka og sparisjóða. Þeir hafa hagrætt í rekstri.
- Fjármögnun banka og sparisjóða hefur áhrif á hlutfallið.

Mynd LXVIII: Kostnaðarhlutfall banka eftir löndum 1999, heimild: The Banker, júlí 2000



Mynd LXIX: Atriði sem þarf að hafa í huga við samanburð á kostnaðarhlutfalli milli bankanna innanlands og utan

- Eðli rekstrar.
- Því áhættusamari sem útlánin eru þeim mun hærri er afskrifarpórfín. Því þarf vaxtamunur að hækka sem leiðir til hærri tekna en rekstrargjöldin eru óbreytt. Það veldur lækkun á kostnaðarhlutfalli.
- Það skiptir máli hvernig fé til útlána er safnað saman. Ef fé er safnað saman með útibúaneti veldur það því að vaxtagjöldin fara niður en vaxtamunur hækkar en rekstrargjöldin hækka vegna útibúanets sem leiðir til þess að kostnaðarhlutfallið hækkar.

F

Tafla 45: Eignartengsl fyrirtækja á fjármálamarkaði í árslok 1999

Eigendur:	Lands- banki	Íslands- banki	Búnað- arbanki	Spari- sjóðir	Ríkið	Hluta- bréfa- markaður	Aðrir
Viðskiptabankar og sparisj.							
- Landsbanki Íslands					*68%	28%	
- Íslandsbanki-FBA						100%	
- Búnaðarbanki Íslands					73%	27%	
- Sparisjóðabanki Íslands				100%			
- Sparisjóðir							100%
Fjárfestingarbankar							
- Kaupþing				100%			
- Samvinnusjóður Íslands						100%	
- EFA						100%	
Fjárfestingarlánasjóðir							
- Lánasjóður landbúnaðarins					100%		
- Bygðastofnun					100%		
- Ferðamálasjóður					100%		
- Hafnabótasjóður					100%		
- Nýsköpunarsjóður atvinnulífs					100%		
Eignaleigufyrirtæki							
- Glitnir		100%					
- Lýsing	40%		40%				20%
- SP-Fjármögnun				100%			
Verðbréfafyrirtæki							
- Landsbréf	90%						
- Fjárvangur							100%
- Burnham Int. á Íslandi							100%
- VÍB		100%					
- Verðbréfastofan							100%
- Íslensk verðbréf				100%			
- MP verðbréf							100%
Rekstrarfélög verðbréfasjóða							
- Rekstrarfélag VÍB		100%					
- Kaupþing eignastýring				100%			
- Landsvaki hf.	100%						
- Rekstrarfélag verðbréfasj. BÍ			99%				
- Rekstrarfélagið Fjárvangur							100%
Hlutabréfasjóðir							
- Hlutabréfasjóður Búnaðarb.			X				
- Íslenski hlutabréfasjóðurinn	X						
- Hlutabréfasjóðurinn		X					
- Auðlind				X			
- Aðrir hlutabréfasjóðir							X
Greiðslumiðlunarfyrirtæki							
- Greiðslumiðlun	38,0%	18,5%	21,0%	22,5%			
- Kreditkort	20,0%	35,0%	20,0%	25,0%			
- Reiknistofa bankanna	38,7%	20,1%	16,5%	20,35%			4,35%
Verðbréfabíng Íslands	5,4%	4,7%	3,3%	XX			XX
Rafræn skráning	15,8%	3,7%	19,5%	XX			XX
Tryggingafyrirtæki							
- Sjóvá-Almennar							
- VÍS	44,2%						
- TM							
Líftryggingafélög							
- Líftryggingafélag Íslands	44,4%						
- Sameinaða líftryggingafélagið		15,0%	15,0%				
- Alþjóða líftryggingafélagið				100%			

* Ríkið á nú 68% í Landsbankanum en átti 72% um áramótin.

X – Óbein eignaraðild rekstraraðila samkvæmt samþykktum hlutabréfasjóðanna.

XX – Ekki liggur fyrir eignarhlutdeild sparisjóðanna samtals í fyrirtækjunum né annarra aðila.

9

Útlán bankakerfisins

Tafli 13: Flokkun útlána og markaðsskuldabréfa bankakerfisins í m.kr. í árslok 1999

	Lands- banki	Búnaðar- banki	Spari- sjóðirnir/ Sþbanki	Íslands- banki	FBA (talið með)	Banka- kerfið alle	Hlut- fall
Lántakendur:							
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	9.480	2.211	4.223	9.120	4.214	29.248	5,4%
Bæjar- og sveitarfélög	5.440	2.306	1.284	1.635	2.959	13.624	2,5%
Lánastofnanir aðrar en bankar	18.337	6.711	8.846	5.889	6.291	46.074	8,5%
Fyrirtæki	87.565	58.985	49.831	57.590	68.233	322.204	59,5%
-Landbúnaður	2.218	5.700	1.915	814	410	11.057	2,0%
-Sjávarútvegur	39.542	15.238	12.809	24.470	28.171	120.230	22,2%
-Verslun	20.226	10.912	13.198	11.399	4.445	60.180	11,1%
-Þ.a. olíufélög	1.756	42	17	109	0	1.924	0,4%
-Iðnaður	10.206	6.381	4.971	7.336	*12.321	41.215	7,6%
-Byggingaverktakar íbúða	462	2.394	1.599	919	0	5.374	1,0%
-Aðrir byggingaverktakar	2.105	1.145	1.121	1.182	0	5.553	1,0%
-Samgöngur	2.831	1.678	656	801	2.218	5.636	1,0%
-Raforkumál	688	77	201	0	0	966	0,2%
-Þjónustustarfsemi	9.287	15.461	13.361	10.668	20.668	69.445	12,8%
Einstaklingar	36.311	21.247	43.272	28.212	*1.619	130.661	24,1%
-Íbúðalán	8.649	6.263	11.055	897		26.864	5,0%
-Annað	27.662	14.984	32.217	27.315	1.619	103.797	19,2%
Útlán og markaðsskuldabréf	157.134	91.459	107.456	102.445	83.316	541.811	100%
Millibankakröfur	0	1.562	472	673		2.707	
Markaðshlutdeild							
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	32%	8%	14%	31%	14%	100%	
Bæjar- og sveitarfélög	40%	17%	9%	12%	22%	100%	
Lánastofnanir aðrar en bankar	40%	15%	19%	13%	14%	100%	
Fyrirtæki	27%	18%	15%	18%	21%	100%	
-Landbúnaður	20%	52%	17%	7%	4%	100%	
-Sjávarútvegur	33%	13%	11%	20%	23%	100%	
-Verslun	34%	18%	22%	19%	7%	100%	
-Þ.a. olíufélög	91%	2%	1%	6%	0%	100%	
-Iðnaður	25%	15%	12%	18%	30%	100%	
-Byggingaverktakar íbúða	9%	45%	30%	17%	0%	100%	
-Aðrir byggingaverktakar	38%	21%	20%	21%	0%	100%	
-Samgöngur	5%	30%	12%	14%	39%	100%	
-Raforkumál	71%	5%	21%	0%	0%	100%	
-Þjónustustarfsemi	13%	22%	19%	15%	30%	100%	
Einstaklingar	28%	16%	33%	22%	1%	100%	
-Íbúðalán	32%	23%	41%	3%	0%	100%	
-Annað	27%	14%	31%	26%	2%	100%	
Útlán og markaðsskuldabréf	29%	17%	20%	19%	15%	100%	

Heimild: Seðlabanki Íslands.

FBA er talið til bankakerfisins í árslok 1999 til að gera tölur sambærilegri. Landsbanki Íslands er stærstur í útlánum banka og sparisjóða með 29% hlutdeild, sparisjóðirnir til samans með 20%, Íslandsbanki með 19%, FBA með 15% og Búnaðarbankinn 17%.